



## Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

### Verkferill

Unnið af: BK	<b>Bráðabirgðareglur vegna geymslustaða skotelda</b>	Númer:	Bls: 1 af 1
Samþykkt af: JVM		Dags: 22.11.2010	Endurskoðað síðast:

Reglurnar taka á magni skotelda og fjarlægðum að nærliggjandi húsum og miða við skotelda í flokkum 1, 2 og 3 sbr. reglugerð nr. 952/2003 um skotelda. Slökkvilið heimilar ekki geymslu á vörum í fl. 4 í geymsluhúsnæði sem samþykkt er á grundvelli þessara reglna.

#### 1. Fjarlægð að götum.

- Húsagata og tengibraut: 30 metrar.
- Stofnbraut: 60 metrar

#### 2. Fjarlægð að húsum.

- Íbúðarhús: 60 metrar
- Atvinnuhús: 30 metrar

#### 3. Magn skotelda.

- Heildarmagn: 20 tonn (þar af 10-12% púður)

Við ákvörðun fjarlægðar getur brunahönnuður tekið eitthvert tillit til aðstæðna. Ef öflugar fyrirstöður eru milli geymsluhúsnæðis og annarra húsa eða vega geta fjarlægðir minnkað. Er þá átt við manir eða önnur mannvirki sem eru nógu umfangsmikil og traust til að stýra stefnu mögulegrar höggbylgju.

Gagnvart öðrum atvinnuhúsum skal taka tillit til flóttamöguleika úr þeim, þannig að einu flóttaleiðirnar séu ekki að því húsi sem geymir skotelda. Þá skal tryggja að nágrönnum hafi verið kynnt fyrirhuguð geymsla skotelda og hver viðbrögð þeirra eigi að vera við hættuástandi eða eldsvoða í geymsluhúsnæði.

Sé hættuleg starfsemi með tilliti til elds eða sprenginga í nálægum byggingum skal gerð fullgild brunahönnun og áhættugreining áður en slökkvilið getur fallist á fyrirhugaða skoteldageymslu.

Sama gildir um sjúkrahús, hjúkrunarheimili, skóla, leikskóla, leiksvæði barna, hótél og samkomuhús.

Að öðrum kosti skal fjarlægð að þeim húsum fara eftir norskum reglum um skotelda „FOR 2002-06-26 nr. 922: Forskrift om håndtering av eksplosjonsfarligt stof“.

Að öðru leiti er vísað til vinnureglna slökkviliðs sem gefnar voru út 1. ágúst 2010.